

STARFSAÆTLUN 2022-2023 TRÖÐ SÉRTÆK FÉLAGSMIÐSTÖÐ



Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir
brynhildurbk@kopavogur.is

Efnisyfirlit

1. Hagnýtar upplýsingar.....	2
2. Dagatal Traðar	3
3. Starfið í vetur	4
1. Viðburðir í vetur	4
2. Samstarf við skóla	4
3. Samstarf við félagsmiðstöðvar.....	4
4. Samstarf við aðra aðila	4
4. Hópastarf.....	5
1. Sérverkefni	5
2. Sumaropnun í Tröð	5
5. Ungmennaráð	6
6. Samstarf við forsjáraðila	6
7. Verkferlar	6
8. Innra mat	7
9. Símenntunaráætlun	7
10. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	7

1. Hagnýtar upplýsingar

Tröð er sértæk félagsmiðstöð fyrir ungmenni á menntaskólaaldri. Tröð er ætluð ungmennum sem lögheimili hafa í Kópavogi og eru þetta einstaklingar með fötlun. Tröð er staðsett í Fannborg 2 á fyrstu hæð hússins. Fjöldi skráðra ungmenna eru 8 en meðaltal ungmenna á dag eru 6. Forstöðukona Traðar er Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir. Símanúmer er 441-9395/825-5913 og netfangið er brynhildurbk@kopavogur.is. Tröð er opin frá kl. 13:00-17:00 alla virka daga sem menntaskólarnir eru opnir. Boðið er upp á dagopnanir á skipulagsdögum, vetrarfríum og jóla- og páskaleyfum menntaskólanna og er þá opið frá kl. 08:00-17:00. Skrá þarf ungmennin sérstaklega þessa daga og þarf það að berast til forstöðukonu þremur virkum dögum fyrir áætlaða dagopnun, senda þarf annað hvort tölvupóst eða berast símleiðis.

2. Dagatal Traðar

Fyrir áramót			Eftir áramót		
Dagsetning	Viðburður		Dagsetning	Viðburður	
5.sept	Starfsmannafræðsla	Kvöld	17.jan	Starfsmannadagur	Hvernig skal vera betri starfsmaður?
16.sept	Námsmatsdagur FG	Dagopnun	25.jan	Námsmatsdagur FG	Dagopnun
3.-5.okt	Forvarnarvika		1.feb	Starfsmannafræðsla	Kvöld
4.okt	Starfsmannadagur með Hrafninum	Fötlunarfræði og samtöl um kynlíf	9. og 10.feb	Námsmatsdagur FG	Dagopnun
13.okt	Námsmatsdagur FG	Dagopnun	13.-21.feb	Annarfrí FG	Dagopnun
21.-24.okt	Hautfrí FÁ, FB	Dagopnun	20.feb	Bolludagur	Bollupartý
25.okt	Námsmatsdagur FB	Dagopnun	21.feb	Sprengidagur	
28.okt	Halloween undirbúningur	Skreyta Tröð	22.feb	Öskudagur	Búningaveisla í Tröð
31.okt	Halloween ball	Búningapartý í Tröð	20.-24.feb	Vetrarleyfi FB og MK	Dagopnun
31.okt og 1.nóv	Námsmatsdagur FG	Dagopnun	24.feb	Námsmatsdagur FÁ	Dagopnun
2.-15.nóv	Annarfrí FG	Dagopnun	3.mars	Starfsþróunardagur FÁ	Dagopnun
7.nóv	Starfsmannafræðsla	Kvöld	17.mars	Námsmatsdagur FG	Dagopnun
24.nóv	Námsmatsdagur FÁ	Dagopnun	21.mars	Alþjóðlegudagur Downs heilkennis	Allir mæta í litríkum sokkum
5.des	Starfsmannafræðsla	Kvöld	28.mars	Námsmatsdagur FG	Dagopnun
8.-9.des	Námsmatsdagur FB	Dagopnun	1.-11.apríl	Páskafrí	Dagopnun/lokað rauða daga
9.des	Síðasti kennsludagur FÁ og MK	Dagopnun fram að jólum	20.apríl	Sumardagurinn fyrsti	Lokað í Tröð
19.des	Síðasti kennsludagur FG		21.apríl	Námsmatsdagur FÁ	Dagopnun
22.des	Litlu jól í Tröð	Jólaball og pakkar	1.maí	Baráttudagur verkalýðsins	Lokað í Tröð
26.des	Annar í jólum	Lokað í Tröð	5.maí	Síðasti kennsludagur MK	Dagopnun fram að sumarstarfi
27.-30.des	Lokað í skólum	Dagopnun	12.maí	Síðasti kennsludagur FÁ	
			15.-16.maí	Námsmatsdagur FB	Dagopnun
			17.maí	Námsmatsdagur FG	Dagopnun
			18.maí	Uppstigningardagur	Lokað í Tröð
			1.júní	Sumarstarf byrjar	

Í dagatali Traðar eru upplýsingar um dagopnanir og skerta daga fram að sumri, ásamt upplýsingum um starfsmannafræðslu fyrir starfsmenn. Einnig er búið að setja inn viðburði sem áætlað er að gera með ungmennunum í starfinu fram að áramótum. Dagatalið er sett upp út frá dagatölum menntaskólanna sem ungmennti Traðar sækja. Því er ávallt fyrirvari um breytingar ef ske skyldi að skólarnir breyti sínu dagatali.

3. Starfið í vetur

Tröð bíður upp á jákvætt og sveigjanlegt umhverfi fyrir ungmennin. Markmið Traðar er að ungmennin velji sér að koma hingað í stað þess að vera ein heima hjá sér. Þannig drögum við úr félagslegri einangrun ungmenna. Lýðræði er stór partur af okkar starfi og því mun hvert og eitt ungmenni setja vikuna sína upp í samráði við starfsmenn og/eða forstöðukonu, þannig er verið að hvetja þau að taka virkan þátt í eigin lífi og hugsa hvar áhugasvið þeirra liggur. Markmið okkar er að geta boðið upp á fjölbreytt starf og er því m.a. búið að hafa samband við Sporthúsið þar sem ungmennin geta mætt og hreyft sig í viðeigandi umhverfi. Einnig er verið að vonast eftir því að Tröð geti boðið upp á atvinnutilboð fyrir ungmennin en þá er miðað við að ungmennin séu að vinna einu sinni í viku og afla sér þannig reynslu á vinnumarkaði í jákvæðu og sveigjanlegu umhverfi.

1. Viðburðir í vetur

Viðburðirnir verða þróaðir með vetrinum en þær hugmyndir sem hafa komið upp eru;

- Bingó.
- Halloween dagur/ball.
- Jóladagur/ball.

Við viljum þróa alla viðburðina í sameiningu við ungmennaráðið og þar sem Tröð er að fara af stað yfir haust nú í fyrsta skipti þá höfum við ekki reynslu af því hvað gekk vel í fyrra.

2. Samstarf við skóla

Með vetrinum verður að koma í ljós hve mikilvæg samskipti við skólana eru en eins og staðan er núna eru engin samskipti. Ef teymi er í kringum ungmennin þá vonast forstöðukona eftir því að fá að sitja þá fundi til þess að geta kynnst ungmennunum og þörfum þeirra betur.

3. Samstarf við félagsmiðstöðvar

Lagt verður mikill metnaður í því að samstarf við félagsmiðstöðvar sé reglulegt. Ungmennin okkar eru of gömul til þess að sækja félagsmiðstöðvarstarf skólanna en hins vegar viljum við í Tröð byggja upp félagsmiðstöðvarmenningu og því er mikilvægt að vera í samskiptum við reynt forstöðufólk.

4. Samstarf við aðra aðila

Tröð er í nánú samstarfi við ráðgjafa ungmennanna sem og ferðaþjónustu Kópavogs. Búið er að tryggja samstarf við Molann ungmennahús þar sem skipulagðar heimsóknir Traðar í Molann verði í þeim tilgangi að kynna ungmennin fyrir Molanum. Einnig erum við að vonast

eftir því að þróa samstarf við mismunandi starfsstaði fyrir ungmennin þegar líður á veturinn. Sporthúsið hefur sýnt jákvæð viðbrögð við því að fá ungmennin í ræktina einu sinni í viku og geta þau ungmenni sem hafa áhuga mætt.

4. Hópastarf

Hópastarf er mikilvægur þáttur þegar kemur að vinnu með einstaklingum sem frávík hafa í félagsþroska, en mörg okkar ungmenni eiga erfitt með félagslega aðstæður. Því verður hópastarfið hjá okkur lítið og persónumiðað. Hópastarfið verður fyrst um sinn hugsað í virkri afþreyingu sem þau hafa áhuga á eða t.d. í FIFA, foosball, borðtennis og annarri afþreyingu sem boðið er upp á. Þar eru ungmennin í félagslegum tengslum við önnur ungmenni sem áhuga hafa á svipuðum hlutum. Út frá því verður hópastarfið síðan fjölbreyttara og stærra en verða hugmyndir að hópastarfi fengnar frá ungmennum á ungmenningaráðsfundum.

1. Sérverkefni

Viljum við geta boðið upp á kvöldstarf einu sinni í viku svo ungmennin hafi einnig samastað á kvöldin. Út frá kvöldstarfinu væri hægt að bjóða upp á skemmtilega viðburði líkt og böll, bingókvöld eða hvað sem er og skipulag á dagskrá kvöldstarfsins gert af ungmenningaráðinu. Á kvöldin væru aðeins tveir starfsmenn og þau ungmenni sem vilja sækja kvöldstarfið en þurfa meiri stuðning verða því að mæta með hann sjálf, þannig er verið að sporna gegn því að neikvæð hegðun hafi mikil áhrif á kvöldstarfið í heild sinni.

2. Sumaropnun í Tröð

Tröð hefur lengi boðið upp á sumaropnun fyrir ungmenni með fötlun á aldrinum 16-25 ára. Á sumrin er Tröð atvinnu- og tómstundatilboð fyrir ungmennin en þá eru þau í vinnu frá 09:00-12:00 og síðan í mismunandi afþreyingu frá 13:00-16:00 en opið er til kl. 17:00 þó dagskrá ljúki kl. 16:00. Þau ungmenni sem stuðning þurfa í starfi geta fengið hann og kemur þá starfsmaður á vegum Traðar með ungmennum á vinnustað og veitir aðstoð ef þess þarf. Ungmennin fá að velja á milli mismunandi vinnustaða en í ár voru í boði fimm mismunandi vinnustaðir sem ungmennin skráðu sig sjálf á í byrjun hverrar viku. Afþreyingin eftir hádegi var fjölbreytt. Farið var reglulega í sund og á bókasafn Kópavogsbæjar, prufað Lazertag, kajak, Fly Over Iceland og margt fleira skemmtilegt. Hugmyndir sem þessar komu frá ungmennum sjálfar en þegar farið var í álíka afþreyingu borguðu ungmennin sjálf. Sumarstarfið er skemmtilegt og mikilvægt starf fyrir ungmenni með fötlun, þau afla sér reynslu og þekkingu á mismunandi vinnustöðum ásamt því að vera í félagslegri styrkingu.

5. Ungmennaráð

Markmið er að setja upp ungmennaráð sem hefur áhrif á starfið. Ráðið mun setja upp dagskrá, endurskoða aðstöðu, hafa áhrif á stærri búnaðarkaup og þessháttar sem hefur jákvæð áhrif á starfið. Eins og staðan er núna er Tröð ekki með ungmennaráð en stefnt er á að setja það á laggirnar þegar líða fer á veturinn. Öllum er boðið að taka þátt en enginn er skyldugur til þess. Forstöðukona mun sjá til þess að ungmenni taki virkan þátt í ráðinu og fundað er eftir því sem þarf.

6. Samstarf við forsjáraðila

Lagt er upp með jákvæðu samstarfi við forsjáraðila ungmennanna þar sem öll þeirra eru undir átján ára. Send er dagskrá til foreldra í gegnum tölvupóst ásamt því að forstöðukona er í foreldraspjalli á Facebook þar sem ræddir eru mikilvægir hlutir sem má betrumbæta. Foreldrar eru búnir að gera óformlegt foreldraráð sem verður í miklum samskiptum við Tröð til þess að tryggja að starfið sé betra fyrir ungmennin.

7. Verkferlar

- Neyðaráætlun
Forstöðukona fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi árs og er neyðaráætlun sýnileg starfsfólki.
- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, markmið starfsins og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólk er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólk er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar á fyrsta starfsmanna fundi.
- Rýmingaráætlun
Útbúa þarf viðeigandi rýmingaráætlun fyrir húsnæðið og starfsemina.
- Gátlisti vegna sértæks hópstarfs
Móttaka félagslegra einangraða ungmenna, ungmenna með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.
- Verklagsreglur gegn ofbeldi
Forstöðukona fer yfir verklagsreglur gegn ofbeldi á fundi og hefur út prentað á aðgengilegum stað fyrir starfsmenn.
- Verkferlar frístundadeildar

Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.

8. Innra mat

Stöðufundur verður haldin a.m.k einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir gang mála. Ef funda þarf oftár þá verður það gert. Einnig verður reglulegur ungmennaráðsfundur þar sem ungmennin fá að segja sína skoðun og hlustað er á þau.

9. Símenntunaráætlun

Nauðsynlegt er að hafa a.m.k. einn starfsdag á hvorri önn og er miða við að dagurinn byrji þá kl. 08:00 og ljúki kl. 13:00 þegar ungmennin koma. Þessir dagar eru nýttir til fræðslu, skipulags og framkvæmda. Í ár verða námskeið haldin í sameiningu við Hrafninn og eru þau námskeið bæði til þess að efla menningu innan starfsmannahópsins en einnig til þess að efla starfið fyrir ungmennin og láta starfsmönnum líða betur í starfi.

- Kynfræðsla fyrir börn/unglinga/ungmenni með greiningar.
- Fötlunarfræði.
- Að vera góður starfsmaður í starfsmannahóp.

Starfsfólki Traðar býðst einnig upp á að sækja önnur fræðsluerindi frístundadeildar þar sem starfsfólk félagsmiðstöðva og ungmennahúss Molans sækja.

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni	Fyrirlesari
Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmannanámskeið	24. og 26.ágúst	Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópastarf	Áslaug Einarsdóttir
Verndari barna	5.sept	Vernd barna gegn ofbeldi	Barnaheill - Guðrún
Stjórnendafræðsla	13.sept	Jákvæð forystuhæfni/stjórnun	Ingrid Kuhlman
Skyndihjálþ	Kemur síðar	Skyndihjálþ	Athuga mannauðsdeild
Kynning á fræðslutorgi	6.sept-forstöðum	Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi	Athuga mannauðsdeild
Forvarnarvika – stjórnendafræðsla	1.okt		Mánudagsfræðsla Gunnskóladeildar
Hvaðan ertu – stjórnendafræðsla	1.nóv	Fjölmenningarfræðsla	Miriam Petra
Hvaðan ertu-	7.nóv	Fjölmenningarfræðsla	Miriam Petra
Vika 6	Kemur síðar	Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6“.	Kolbrún Hrun- Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg
„Verkþækistudagur“ félagsmiðstöðvanna	5.des	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru	
Skipulagsdagur hlutastarfsamanna	10.maí	Hlutastarfmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar.	

10. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Starfsmenn eru settir upp í röð eftir hlutfalli þeirra í vinnu. Aðeins einn starfsmaður er í fullri vinnu og er það forstöðukona, aðrir eru í hlutastarfi sem er á milli 20-50%.

Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir, forstöðukona.

Ellert Sigurðarson, starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.

Ragnheiður Bergmann Kjartansdóttir, starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.

Elín Ylfa Viðarsdóttir, starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.

Alexander Kleinman, starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.

Aron Rafn Gissurarson, starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.